

# HÖNNUNARSAMKEPPNI UM HÚSGÖGN Í HÖRPU TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK



**SAMKEPPNISREGLUR**

SEPTEMBER 2010

## KEPPNISREGLUR Í HÖNNUNARSAMKEPPNI UM HÚSGÖGN Í HÖRPU

Í samstarfi við Hönnunarmiðstöð hefur Eignarhaldsfélagið Portus ehf sem eigandi Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, sem nú rís við Reykjavíkurhöfn milli Faxgarðs og Ingólfsgarðs, ákveðið að efna til framkvæmdasamkeppni um húsgögn, framhliðar á færanlega bari og færanleg borð í almenningsrýmum auk ræðupúlta og framhliða á ráðstefnuborð í ráðstefnusali og fundarherbergi Hörpu, samkvæmt nánari útlistun.

Um er að ræða samkeppni opna hönnuðum og arkitektum og er það ásetningur eigenda að framleiða þau húsgögn og þann búnað sem til vinnings verða valin.

Leitað er eftir íslenskri hönnun og framleiðslu í samræmi við glæsilega hönnun hússins.

Lausnir þurfa að vera hagnýtar og meðfærilegar og sérstök áhersla er lögð á sveigjanleika. Horft verður til heildrænna lausna sem fara vel saman og falla að heildaryfirbragði hússins.

Leitað er eftir hönnun í þau rými hússins sem auðkennd eru á teikningum sem fylgja keppnislýsingu þessari og eru í viðauka þessa skjals. Fyrst og fremst er um að ræða þau rými sem taka á móti gestum, við aðalinngang á jarðhæð, á svölum framan við salina og í ráðstefnu- og fundarsölum hússins.

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa er hannað í samstarfi arkitektastofunnar Henning Larsen Architects og arkitektastofunnar Batteríið arkitektar. Hin stórbrotna íslenska náttúra og margslungin litadýrð var mikill áhrifavaldur við hönnun Tónlistar og ráðstefnuhússins Hörpu. Einkennandi fyrir hönnun hússins eru andstæðurnar, svartir sjónsteyptir veggir tákni fjallanna, umluktir glerhjúpnum tákni hafsins sem í speglast nánasta umhverfi og mannlíf kringum húsið og í því. Flæði gesta er um stiga og svalir sem skarast á mismunandi vegu svo rýmið milli sala og glerhjúps myndar gil og tengir mismunandi svæði í húsinu.

Byggingin einkennist af hreinum og stórbrotnum línur, stórum steinsteyptum veggflötum og einslitum og miklum góflötum, í andstæðu við smágerðari reitun glersins. Hönnun marghliða glerhjúpsins sem hannaður er af Olafi Eliassyni í samvinnu við arkitektana er byggð á rúmfræðilegri hugmyndafræði.

Einkennandi fyrir litaval hússins eru andstæðurnar, litaval í almenningsrýmum er allt frá dökkum til ljósra lita, einungis brotið upp með einstaka gulum glerveggjum og hinsvegar sterkir litir þegar inn í sali hússins kemur. Gólfefni á jarðhæð er náttúrusteinn, grágrýti lagt án fúgu svo að flöturinn verði sem einsleitastur. Á svölum hússins eru steipt gólfin lögð ljósri ílögn og slípuð og mynda yfir daginn samfelldan bakgrunn fyrir samspil skugga og lita frá glerhjúpunum. Í ráðstefnusal og fundarherbergjum eru gólf lögð svörtum línóleumdúk. Afgreiðsluborð í anddyri verður úr svartri sjónsteypu, brotið upp með sama gula glerinu sem notað í valda veggfleti. Allt sýnilegt stálvirki inni í húsinu, svo sem handlistlar og festingar glerhandriða eru úr svörtu stáli. Viður er fyrst og fremst notaður inni í sölum hússins, þá gjarnan bæsaður sterkum litum á veggjum en svörtum á gólfum.

Hönnuðir hafa frjálsar hendur hvað varðar efnisval en rétt er að ítreka afgerandi útlit hússins jafnt að utan sem innan og mikilvægi þess að tillögurnar séu í takt við þá hönnun. Í þessu tilliti er bent á efnisskjal sem er fylgiskjal með gögnum.

Um er að ræða framkvæmdasamkeppni þar sem verkkaupi áskilur sér rétt til að taka hvaða tillögu sem er eða hafna öllum. Miðað er við, að höfundur tillögu sem dómnefnd mælir með til útfærslu, verði ráðinn til verksins. Verkkaupi áskilur sér rétt til að þróa þá tillögu í samráði við hönnuð til að ná fram betri lausn telji hann tillöguna ekki uppfylla allar kröfur sínar og sem starfssemi hússins krefst. Ennfremur getur verkkaupi hafnað einstökum hluta af hönnuninni. Lista og stutta lýsing yfir þann búnað sem leitað er eftir má sjá neðar í þessu skjali.

## **VERÐLAUN**

Ekki verður greitt þóknun fyrir þátttöku í þessari hönnunarsamkeppni en greitt verður fyrir þá tillögu sem valin verður í fyrsta sæti.

Verðlaunafé er kr.1.000.000 – ein milljón.

Dómnefnd er heimilt að veita öðrum tillögum sérstaka viðurkenningu.

## **TILGANGUR OG MARKMIÐ**

Mikilvægt er að sá metnaður sem lagður er í alla hönnun Hörpu, tónlistar og ráðstefnuhúss endurspeglar einnig í öllum búnaði hússins. Því var ákveðið að ráðast til samkeppni og gefa

Íslenskum hönnuðum í samráði við íslenska framleiðendur tækifæri til að leiða saman hesta sína. Markmiðið með samkeppninni er því að ýta undir íslenska hönnun, gera hana sýnilegri og með því efla íslenskt handverk og hugvit. Harpa er tónlistar og ráðstefnuhús, með afar fjölbreyttri starfsemi. Húsgögn þurfa því að þjóna starfseminni fyrst og fremst, vera þægileg fyrir fólk í öllum aldurshópum og til notkunar við ýmiss tilefni. Vert er að vekja athygli á því að í mörgum tilvikum eru hundruðir og jafnvel á annað þúsund manns í rýmum þar sem megnið af húsgögnum samkeppinnar verða. Harpa verður einnig eins konar „miðstöð“ ekki bara borgarbúa heldur landsmanna allra og gesta þeirra. Húsgögnin eru fyrst og fremst í almenningsrymum sem fólk heimsækir ekki aðeins vegna sérstakra viðburða eða funda, heldur einnig sér til ánægju í hversdeginum. Þess vegna verða húsgögnin að þjóna vel afar fjölbreyttri starfsemi og geta verið bæði til þæginda og einnig til notkunar við hátíðlegri tækifæri.

Í Hörpu verður glæsileg ráðstefnuaðstaða fyrir stóra og litla hópa. Á 2.hæð hússins eru þrír salir og er tónleikasalurinn stærstur en hann tekur 1500-1800 gesti í sæti. Á 2.hæð er einnig ráðstefnusalurinn sem tekur um 700 manns í sæti og æfingasalurinn sem tekur um 450 manns í sæti. Að auki er að finna á 1.hæð hússins einn 200 manna sal með hallandi gólfi, tvö minni fundarherbergi sem rúma hvert og eitt 63 manns í sæti og hægt er að sameina í eitt sameiginlegt rými, ásamt 8 minni fundarherbergjum á 1.hæð og 4.hæð.

Stórt forrými er á 1.hæð og 2.hæð sem hentar vel sem sýningarsvæði fyrir móttökur og veisluhöld.

Fyrsta flokks veitingarstaður verður á 4.hæð hússins ásamt útsýnisbar og á 1.hæð hússins verður kaffihús sem verður opið frá morgni til kvöld.

Einnig er hægt að setja upp færanlega bari víða um húsið.

## **SKILYRÐI**

Samkeppin er opin öllum hönnuðum og arkitektum, en samstarfsfólk og aðrir nátengdir meðlimum dómnefndar eru þó útilokaðir frá þáttöku.

Miðað er við að öll hönnun uppfylli eftirfarandi skilyrði

- Að hönnun og framleiðsla sé innlend. Vegna tímamarka er mikilvægt að hönnuðir séu í samstarfi við framleiðanda / framleiðendur í hönnunarferlinu.
- Þátttakendur skulu huga að heildarlausn og heildaryfirbragði í tillögum sínum þannig að húsgögn og munir falli vel saman og hæfi hönnun hússins.

- Að hönnun sé meðfærileg, að unnt sé að flyta búnað á auðveldan hátt og hann passi í lyftur hússins. Mikilvægt er að hönnuðir hafi þetta í huga m.a við val á efni.
- Að húsgögn og búnaður þjóni vel fjölbreyttri starfsemi í Hörpu.
- Gerð er krafa um að umbeðinn búnaður sé sérhannaður fyrir Hörpu og fari vel í byggingunni .

## LÝSING Á HÚSGÖGNUM OG BÚNAÐI

Samkeppnin er þríþætt. Beðið er um tillögur að:

- bekkjum í almenningsrými Hörpunnar bæði á aðalhæð hússins og á svölum.
- framhliðum á færanlega bari og há borð fyrir veitingasölu hússins.
- ræðupúltum og framhliðum á ráðstefnuborð (panel) í ráðstefnusali og fundarherbergi

Ath. að eingöngu tillögur sem taka á öllum þáttum samkeppninnar verða teknar til greina.

## BEKKIR

- Beðið er um bekki í almenningsrými hússins þar sem gestir geti tyllt sér fyrir sýningar og í hléum. Annars vegar er um bekki fyrir fullorðna og hins vegar lægri bekki fyrir börn að ræða. Æskilegt er að hönnunin taki mið af því að hægt sé að raða bekkjum saman á mismunandi vegu. Nauðsynlegt er að gestir geti lagt frá sér glös og diska.

## FRAMHLIÐAR Á FÆRANLEGA BARI – FÆRANLEG HÁ BORD Í ALMENNINGSRÝMI

- Beðið er um framhliðar á færanlega bari. Gera skal ráð fyrir einingum sem festa/smella má framan á og á hliðar barborða. Einingum þarf að vera hægt að krækja saman eða festa á annan hátt allt eftir stærð bars. Fyrst og fremst er verið að leita eftir útliti á bari, nánari hönnun vinnuborða verður í samráði við veitingaaðila þegar niðurstaða samkeppni liggur fyrir.
- Við stærri viðburði þarf að vera hægt að setja upp borð þar sem gestir geta staðið við og / eða rekstraraðilar hússins komið fyrir veitingum. Æskilegt er að útlit þessara borða sé hönnunarlega séð með svipuðu sniði og framhliðar barborða. Mikilvægt er

að hönnunin miði að því að borðin séu meðfærileg og að hagkvæmt sé að geyma þau á milli þess sem þau eru í notkun.

### **RÆÐUPÚLT – FRAMHLIÐAR Á RÁÐSTEFNUBORD**

- Beðið er um tvær stærðir af ræðupúltum, annarsvegar í minni fundarherbergi og hinsvegar púlt sem sómi sér vel í stærrri rýmum, ráðstefnusal og almenningi.
- Mikilvægt er að við hönnun púltanna verði tekið tillit til eftirfarandi þátta.
  - Að merki Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu sé vel sýnilegt.
  - Að nafni hússins bæði á íslensku og ensku sé hægt að festa /smella á framhlið púltsins við hlið merkisins. (Hluti merkisins er eins á báðum tungumálum).
  - Að púltin sómi sér vel bæði í fundarherbergjum, í sölum hússins sem og á almenningssvæðum.
- Óskað er eftir framhliðum á ráðstefnuborð. Æskilegt er að hægt sé að festa spjöldin fleiri saman allt eftir þörfum ráðstefnuhaldara. Mikilvægt er að eftirfarandi þættir komi fram:
  - Að merki Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu sé vel sýnilegt.
  - Að nafni hússins bæði á íslensku og ensku sé hægt að festa/smella á framhlið borðanna við hlið merkisins.

### **TÍMAÁÆTLUN VERKKAUPA**

**Miðað er við að eftirfarandi tímsetningar frá útgáfu samkeppnisgagna til afhendingar fullunninna húsgagna og búnaðar**

14. september 2010	Keppnislýsing gefin út
20. september 2010	Skoðunarferð
22. september 2010	Skilafrestur fyrirspurna
27. september 2010	Svör við fyrirspurnum send út
15. nóvember 2010	Skilafrestur tillagna
22. nóvember 2010	Dómnefnd skilar niðurstöðu
7. janúar 2011	Hönnun frágengin og samþykkt af verkkaupa
29. apríl 2011	Húsgögn og búnaður afhent í Hörpu

## TILHÖGUN

Um er að ræða framkvæmdasamkeppni í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í lýsingu þessari. Dómnefnd skoðar tillögur samkvæmt áhersluatriðum og ber saman hönnun, gæði og verð við val á vinningstillögu.

## DÓMNEFND

Í dómnefnd sitja:

Þórunn Sigurðardóttir, stjórnarformaður AGO rekstrarfélags Hörpu – Formaður dómnefndar.

Ósbjörn Jacobsen, arkitekt MAA – Henning Larsen Architects – tilnefndur af verkkaupa .

Soffía Valtýsdóttir, arkitekt FAÍ - Batteríð arkitektar - tilnefnd af verkkaupa.

Þorsteinn Geirharðsson, arkitekt FAÍ og vöruhönnuður – Félagi vöruhönnuða – tilnefndur af Hönnunarmiðstöð.

Katrín Olina Péturdóttir hönnuður – tilnefnd af Hönnunarmiðstöð, tekur við að Þorsteini eftir 18. september.

Hjalti Geir Kristjánsson, húsgagnaarkitekt – Félagi innanhússarkitekta – tilnefndur af Hönnunarmiðstöð.

Lúðvík Bjarnason - Ritari dómnefndar – tilnefndur af verkkaupa.

Haukur Már Hauksson – Trúnaðarmaður – tilnefndur af Hönnunarmiðstöð.

Ráðgjafar verða kallaðir til eftir því sem dómnefnd telur þörf á.

## ÁHERSLUARTRIÐI DÓMNEFNDAR

**Við úrvinnslu mun dómnefnd m.a leggja áherslu á eftirfarandi atriði**

- Að hluturinn verði framleiddur hér á landi innan þeirra tímamarka sem verkkaupi setur.
- Að hönnunin sé heildræn, frumleg og fari vel í húsinu
- Kostnaður og hagkvæmni
- Að búnaður sé meðfærilegur í flutningum og meðferð
- Að viðhald sé þægilegt og ekki kostnaðarsamt
- Að unnt sé að fjölnýta / samnýta búnaðinn
- Að lausnir henti vel starfsemi hússins.

Þáttakendum verða kynntar niðurstöður dómnefndar þegar þær liggja fyrir og eigi síðar en 22. nóvember 2010.

### **SKOÐUNARFERÐ**

Boðið er upp á skoðunarferð um þau rými Hörpu sem hönnun tekur til, þann 20. september kl. 13 og eru þátttakendur hvattir til að mæta og kynna sér aðstæður. Athygli er vakin á að einungis er um þessa einu skoðunarferð að ræða. Þeir sem hafa hug á að nýta sér þetta tækifæri, vinsamlega hafið samband við trúnaðarmann, Hauk Mátí Hauksson, á netfangið [haukur@pipar.is](mailto:haukur@pipar.is), fyrir kl. 10, þ. 20. september, vegna skráningar.

### **FYRIRSPURNIR**

Fyrirspurnir skal senda skriflega til trúnaðarmanns Hauks Mátí Haukssonar á netfangið [Haukur@pipar.is](mailto:Haukur@pipar.is) í síðasta lagi 22. september 2010. Svör við fyrirspurnum liggja fyrir eigi síðar en 27. september 2010.

### **KEPPNISTILLÖGUR OG SKIL GAGNA**

Þátttakendur skulu skila eftirfarandi:

- Myndum, teikningum eða ljósmyndum af þeim munum sem beðið er um í lýsingu þessari.
- Afstöðumynd í kvarða sem sýnir staðsetningu munanna í rýmum hússins. Hér er átt við dæmi um mismunandi uppstillingu búnaðar á afmörkuðu svæði.
- Allar teikningar skulu vera í skilgreindum kvarða að vali hönnuðar
- Greinargerð sem tiltekur meginhugmynd og efnisval búnaðar og tæknilegar útfærslur eftir því sem við á..
- Upplýsingum um framleiðsluaðferð og kostnað hvernar einingar að meðtaldri þóknun hönnuða. (á A4-blaði)

Tillögum skal skila uppsettum á A2-blöðum – lárétt. Mest má skila 4 örkum.

### **MERKING OG AFHENDING TILLAGNA**

Tillögum skal skilað á eftirfarandi hátt

- Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu – einkennisnúmeri – í reit í hægra horni að neðan.



- Ógegnsætt umslag, merkt sama einkennisnúmeri, skal fylgja tillögunni. Í því sé:
  - nafn, menntun, heimilisfang og símanúmer höfundar eða höfunda,
  - nafn, heimilisfang og símanúmer samstarfsaðila og ráðgjafa
  - nafn, heimilisfang og símanúmer framleiðenda
- Tillögum skal skila upplímdum á pappaklæddar frauðplötur (foam board) og í flötum ógegnsæjum umbúðum. Umbúðir tillögu skal merkja á sama hátt og tillöguna.
- Tillögum skal skilað til trúnaðarmanns dómnefndar, Hauks Mús Haukssonar, í Hönnunarmiðstöð Íslands, Vonarstræti 4b, 101 Reykjavík, eigi síðar en kl. 17, 15.nóvember 2010.  
Hægt er að póstsenda tillögur og nægir þá að tillögum sé komið í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests. Þá skal senda afrit af kvittun móttakanda til trúnaðarmanns samdægurs í tölvupósti.

## ÚTGÁFA

Verkkaupi mun birta niðurstöðu dómnefndar bæði í prentmiðlum og öðrum fjölmiðlum. Þar skal getið um höfund / höfunda vinningstillögu svo og samstarfsfólk og framleiðanda  
Verkkaupi stendur fyrir sýningu á öllum innsendum tillögum og munu hönnuðir fá gögnin að vinningstillögu frátaldri afhent strax að lokinni sýningu.

## EIGNARRÉTTUR, HÖFUNDARÉTTUR, AFNOTARÉTTUR

Verkkaupi öðlast afnotarétt af verðlaunaðri tillögu, með þeim takmörkunum sem lög um höfundarrétt kveða á um.

## VERK AÐ LOKINNI SAMKEPPNI

Miðað er við, að höfundur tillögu sem dómnefnd mælir með til útfærslu, verði ráðinn til verksins. Verkkaupi áskilur sér rétt til að þróa þá tillögu í samáði við hönnuð til að ná fram betri lausn telji hann tillöguna ekki uppfylla allar kröfur sínar og sem starfssemi hússins krefst. Dómnefndarmenn, ritari dómnefndar, ráðgjafar og þeir sem koma að undirbúningi samkeppninnar og aðrir þeim nátengdir, mega ekki taka verkið að sér

## TRÚNAÐUR

Með afhendingu á tillögu í samkeppni, telst þátttakandi samþykkja dómnefnd og keppnisgögn, og að hann muni virða niðurstöðu dómnefndar.

## ÁGREININGUR

Verði dómnefndarmenn ekki sammála í niðurstöðu sinni, mega einstakir dómnefndarmenn skila séráliti.

## FYLGISKJÖL

Eftirtalin fylgiskjöl er hægt að fá send í tölvupósti með því að senda fyrirspurn til trúnaðarmans dómnefndar: [haukur@pipar.is](mailto:haukur@pipar.is) í síðasta lagi 22. september 2010.

- Efnislýsing – fastar innréttingar í almenningsrýmum
- Grunnmyndir hæða á pdf-sniði
- Grunnmyndir hæða á inDesign - sniði
- Grunnmyndir hæða á 3D dwg - sniði

**Samkeppnislýsing verður afhent á rafrænu formi og verður aðgengileg á vef Hörpu [www.harpa.is](http://www.harpa.is) og Hönnunarmiðstöðvar [www.honnunarmidstod.is](http://www.honnunarmidstod.is) frá og með þriðjudeginum 14.september 2010.**

Reykjavík þ. 14. september 2010

Fh. dómnefndar

Þórunn Sigurðardóttir